

LEYFISKERFI KSÍ

TÆKJAKASSI:

TMA 02.1

Yfirlýsing um trúnað, hlutleysi og virðingu



YFIRLÝSING UM TRÚNAÐ, HLUTLEYSI OG VIRÐINGU FYRIR ALLA AÐILA SEM KOMA AÐ LEYFISFERLINU OG ÁKVARÐANATÖKU VARÐANDI VEITINGU EÐA SYNJUN ÞÁTTTÖKULEYFIS

Ég, undirritaður, staðfesti hér með að ég sjálfur, maki minn eða börn **hafi hagsmuna að gæta** gagnvart neðangreindum félögum (sem meðlimur, hluthafi, samstarfsaðili, styrktaraðili eða ráðgjafi).

Nafn félags:

Að undanskildum þeim félögum sem talin eru upp hér að ofan tengist ég á engan hátt öðrum félögum sem Leyfiskerfið nær til.

Ég mun ekki taka þátt í ákvarðanatöku varðandi veitingu eða synjun þáttökuleyfis þegar félag sem ég tengist á í hlut.

Ég mun einnig láta Knattspyrnusamband Íslands strax vita með skriflegum hætti ef aðstæður mínar breytast á einhvern hátt hvað varðar tengsl mín við þau félög sem Leyfiskerfið nær til.

Ég staðfesti hér með að ég hef lesið og skilið og fallist á að vera bundin(n) af trúnaði og upplýsingaleynd eins og lýst er í forskrift að trúnaðarsamþykkt KSÍ og félaga innan lögsögu þess. Allar upplýsingar sem ég fæ við starf mitt hjá KSÍ vegna þáttökuleyfa, um starfshætti KSÍ eða aðildarfélaga þess, skal ég fara með sem trúnaðarmál.

Ég geri mér grein fyrir að skyldur mínar hér að lútandi ná út fyrir þáttöku mína í mati á sérhverri umsókn félags um þáttökuleyfi og út fyrir starfstíma minn hjá KSÍ og skuldbindingar þar að lútandi, óháð því hve langur starfstíminn kann að verða.

Ég mun haga starfi mínu innan leyfisstjórnar KSÍ samkvæmt þeirri forskrift sem fram kemur í starfslýsingu fyrir mitt hlutverk.

Ég mun haga störfum mínum fyrir KSÍ samkvæmt því sem fram kemur í siðareglum KSÍ þar sem meðal annars kemur fram að ekki skuli misbjóða virðingu einstaklinga, eða hópi einstaklinga, með orðum eða athæfi sem bera í sér fyrirleitningu, manngreinarálit eða mannorðsspjöll hvað varðar kynferði, þjóðerni, kynþátt, litarhaft, menningu, tungumál, trúarbrögð eða kynhneigð.

Undirskrift:

Dags: